



- NMÍ-UMSÖGN -

Vörulýsing:	Rör og tengi fyrir frárennslisvatn, úr steinefnafylltu pólýprópýlenplastí (PP-MD).
Vöruheiti:	Raupiano plus.
Umsagnarhafi:	BYKO, Skemmuvegi 4A, 200 Kópavogi.
Framleiðandi:	Rehau AG + Co, Ytterbium 4, D-91058 Erlangen-Eltersdorf, Þýskalandi.
Staðfest.gögn:	1. Tilkynning um viðurkenningu, "Zulassung Nr. Z-42.1-223", dags. 1. des. 2011, útgefin af Deutsche Institut für Bautechnik (DIBt) í Þýskalandi, fylgiskjal 1. 2. Yfirlýsingarbréf, dags. 17. feb. 2012, frá SKZ-TeConA GmbH, Þýskalandi, sem staðfestir upphafsgerðarprófun og óháð framleiðslueftirlit þeirra, í samræmi við "Zulassung Nr. Z-42.1-223", sbr. eftirlitsskýrslur, fylgiskjal 2. 3. Yfirlýsing um nothæfi, dags. 18. júní 2015, útgefin af umsagnarhafa, fylgiskjal 3.

Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010. 2. Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1 og gr. 5.1.4. 3. Lög um byggingarvörur, nr. 114/2014, III. kafli. 4. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994.

Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Varan skal vera merkt heiti sínu og auðkenni framleiðandans; efnisgerð (PP-MD); nafngildi utanmáls og veggþykktar rörs; tímasetningu framleiðslu eða rekjanleikamerkingu.
- Umsögn þessi nær einungis til vöru sem er auðkennd eins og fram kemur hér að ofan.
- Gengið er út frá að ofangreind staðfestingargögn séu afrit af upprunalegum skjölum tilgreindra útgefenda þeirra, sem aftur á móti hafi réttindi viðvirkjandi skoðun og prófun eins og við á.
- Ekki liggja ekki fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna sem skilgreina kröfur fyrir lagnaefni til nota fyrir frárennslisvatn, en í kafla 14 í byggingarreglugerð er m.a. fjallað um slíkar lagnir.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum lagnaefnisins og skilyrðum við notkun þess, sem hann tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðfestingargögnum, skal ekki ofgert við það álag, sem búast má við þar sem lagnaefnið er staðsett.
- Tækniupplýsingar um vöruna skuklu vera aðgengilegar á íslensku, þ.e. leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi.
- Umsögnin nær ekki til **brunapátta**; um þá skal leita vottorðs eða umsagnar hjá **Mannvirkjastofnun**.

UMSAGNARORÐ

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem lagnaefni fyrir frárennslisvatn. Ekki er til (ÍST) EN-vörustaðall fyrir lagnaefni þetta. Merkingu tengja er í nokkru ábótavant.

Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.

Útgáfudagur: 21. júlí 2015


Rögnvaldur S. Gíslason,
vottunarstjóri

- FYLGISKJÖL: 1. Tilkynning um viðurkenningu frá DIBt, Þýskalandi (tvær bls.).
2. Yfirlýsingarbréf frá SKZ, Þýskalandi (ein bls.).
3. Yfirlýsing framleiðanda um nothæfi (ein bls.).